

Ed.

521. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal annast byggingu verksmiðjunnar og allan rekstur hennar.

Önnur ákvæði um rekstur verksmiðjunnar svo og annað, er þurfa þykir í sambandi við byggingu hennar, skal ákveða í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt niður fallið umboð núverandi stjórnar síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur óskað eftir því, að nefndin flytti frv. þetta. Samþykkti meiri hl. nefndarinnar að verða við þeirri beiðni, en minni hl. (StgrA) kvað sig mótfallinn flutningi frv. — Frv. fylgi svo hljóðandi greinargerð:

„Stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafði áður en lög nr. 47/1946 voru sett undirbúið stofnun niðursuðuverksmiðju á Siglufirði á þann hátt að styrkja íslenskan námsmann til þess að nema fiskiðnað í Bandaríkjunum. Að námi loknu var þessi sami maður á launum hjá síldarverksmiðjum ríkisins um nokkurra mánaða skeið til þess að kynna sér fiskniðursuðu, og síðan hefur hann í tvö sumur, árin 1945 og 1946, haft með höndum tilraunir á niðursuðu síldar hjá síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði og á þeirra kostnað. Að þessu athuguðu verður að teljast óþarft kunnáttu eða áhuga vegna að setja á laggirnar sérstaka stjórn fyrir hina fyrirhuguðu síldarniðursuðuverksmiðju. Enn fremur liggja fyrir upplýsingar um, að íslenskar niðursuðuvörur eigi í harðri og mjög óhagstæðri samkeppni um verð við niðursuðuvörur annarra þjóða. Þarf því að gæta hinnar ýtrustu hagsýni í rekstri verksmiðjanna.

Síldarverksmiðjur ríkisins hafa opna skrifstofu á Siglufirði allt árið, þær hafa nú tvo framkvæmdastjóra, annan viðskiptalegan, hinn tæknilegan, þá hafa þær véla- verkfræðing í þjónustu sinni, og auk þess ber stjórn verksmiðjanna lögum samkvæmt að hafa aðsetur á Siglufirði meðan vertíð stendur yfir. Verði haldið sérstakri stjórn, framkvæmdastjóra og skrifstofu fyrir niðursuðuverksmiðjuna, mun það kosta stórfé árlega, sem að mestu er unnt að spara með því að fela síldarverksmiðjum ríkisins stjórn niðursuðuverksmiðjunnar.

Þá er og augljóst, að hráefni er auðveldast að fá í sambandi við síldarverksmiðjur ríkisins og úrgangi auðveldast að koma frá á hinn ódýrasta hátt þannig, að verksmiðjurnar séu reknar í sameiningu, og er það í fullu samræmi við hagnýtingu og vinnslufyrirkomulag hinna nýjustu fiskiðjuvera, sem telja hagkvæmt að sameina vinnslu matvæla og vinnslu úr úrgangi þannig, að fullkomin hagnýting fáiist.

Hníga því öll rök að því, að rétt sé að færa þennan rekstur undir eina stjórn, svo sem lagt er til með frumvarpi þessu.“